

## GJALDSKRÁ

fyrir sérþjónustu Veðurstofu Íslands

### 1. gr.

Veðurstofa Íslands skal taka gjöld skv. gjaldskrá þessari fyrir sérþjónustu sem fellur utan við almenna þjónustu eins og hún er skilgreind í lögum og reglugerðum um veðurþjónustu. Skal gjaldtakan miðast við að sérþjónustan standi undir sér að viðbættum eðlilegum ábata.

### 2. gr.

#### *Útseld vinna*

Tímagjald útseldrar vinnu við sérþjónustu í eftirfarandi gjaldskrá er það sama og í gildandi gjaldskrá fyrir Veðurstofu Íslands, settri af umhverfisstjórnun.

### 3. gr.

#### *Vottorð um veður*

Fyrir veðurvottorð er greitt grunngjald. Vinna við samantekt vottorðs umfram 0,5 klst greiðist skv. taxa um útselda vinnu.

	<b>kr.</b>
3.1 Grunngjald veðurvottorða .....	7.700

### 4. gr.

#### *Veðurgögn fyrir vefsíður*

Veðurgögn (athuganir og spár) eru aðgengileg skráðum notendum, á tölvutæku formi (xml) til endurbirtingar, t.d. á vefsíðu, símakerfi eða textavarp. Í xml-sérþjónustu Veðurstofunnar geta notendur náð í nýjustu veðurathuganir, veðurspár fyrir einstaka staði og veðurspár á textaformi. Nánari lýsing á þessari þjónustu er á vef Veðurstofunnar.

	<b>kr.</b>
4.1 Uppsetning xml-notanda .....	12.300
4.2 Breytingagjald .....	5.500

### 5 gr.

#### *Veðurspár*

Veðurstofan afhendir veðurspár í fastri áskrift skv. sérstökum samningum þar um og er samið sérstaklega um gjald fyrir slíka þjónustu. Fyrir stök tilvik greiðist skv. taxa um útselda vinnu. Til þessarar þjónustu telst m.a.:

- Yfirfarin spákort eða athugunarkort fyrir Ísland með stuttum texta
- Yfirfarin yfirlitskort með jafnþrýstílinum og skilum, bæði greining og spár
- Sérspár fyrir tiltekinn stað eða landshluta, s.s. texti, kort eða veðurspárit
- Sérspár fyrir tiltekin hafsvæði

Miðað er við að kort og texti séu á stafrænu formi og afhent í gegnum tölvupóst eða yfir Netið. Sé um annað afhendingarform að ræða skal semja um það sérstaklega.

6. gr.

*Flýtiafgreiðsla*

Kaupandi getur óskað er eftir sérstakri flýtiafgreiðslu gegn 50% álagi eftir nánara samkomulagi.

7. gr.

*Önnur sérþjónusta*

Veðurstofa Íslands tekur að sér ýmis önnur verkefni, skv. sérstökum samningum þar um og er samið sérstaklega um gjald fyrir slíka þjónustu. Sem dæmi má nefna:

- Uppsetningu mælistöðva, s.s. sjálfvirkra veðurstöðva eða jarðskjálftastöðva, rekstur í tiltekinn tíma, mælingar, gagnasöfnun og úrvinnsla.
- Greinargerðir á fagsviðum Veðurstofunnar.
- Sérhæfðar gagnaafhendingar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. laga nr. 142/2004, um veðurþjónustu, öðlast gildi 1. júní 2008.

*Veðurstofu Íslands, 27. maí 2008*

**Magnús Jónsson**  
veðurstofustjóri